

## Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um fyrirkomulag og umfang upplýsingatækni hjá ríkinu.

Frá Degi B. Eggertssyni.

1. Hversu margir aðilar kaupa inn hvers kyns vörur eða þjónustu á sviði upplýsingatækni og stafrænna mála á vegum ráðuneytisins?
2. Hefur ráðuneytið á að skipa sérhæfðu starfsfólki vegna innkaupa á upplýsingatækni eða stafrænna mála?
3. Hver var heildarrekstrarkostnaður og fjárfestingarkostnaður ráðuneytisins árin 2021, 2022, 2023 og 2024 vegna upplýsingatæknireksturs og stafrænna mála? Svar óskast sundurliðað eftir kostnaðarstöð og því hvort um er að ræða fjárfestingu eða rekstur. Einnig er óskað eftir að sá hluti rekstrar- og fjárfestingarkostnaðar sem telst vöru- eða þjónustukaup verði flokkaður eftir tegund innkaupa (lausafjárkaup, útboð, ramma-samningar o.s.frv.) og hvort þau kaup voru með aðstoð Ríkiskaupa (Fjársýslunnar) eða annarra og þá hverra.
4. Hvað starfar margt starfsfólk annars vegar og verktakar hins vegar á sviði upplýsingatækni eða stafrænna mála á vegum ráðuneytisins?
5. Hversu margt fólk starfar við hugbúnaðargerð eða þróun, svo sem fram- eða bakenda-forritun, á vegum ráðuneytisins?

Skriflegt svar óskast.